



Stofnun Ísraelsríkis

Í gegnum aldirnar komu stundum fram hugmyndir um stofnun Ísraelsríkis að nýju. Sumir gyðingar litu svo á að eina lausnin væri að stofna sitt eigið ríki, Ísraelsríki í Palestínu, landinu sem Guð hafði gefið þeim samkvæmt Tóra. En á þeirri hugmynd byggist pólitísk stefna og hugmyndafræði Síonisma. Á tímum upplýsingastefnunnar Evrópu og útbreiðslu frjálslýndra sjónarmiða og umburðarlyndis gagnvart trúarbrögðum, lá hugmyndin þó í dvala. Flestir gyðingar vildu verða fullgildir þjóðfélagsþegnar í sínu heimalandi og margir aðlöguðust síðum þess og gengu jafnvel af trú sinni.



Palestína er landsvæði við botn Miðjarðarhafsins þar sem gyðingar þjuggu til forna.

Tóra er helsti trúartexti gyðinga, oft kallað lögmálið.

Síonismi er sú hugmynd að gyðingar eigi rétt á landi í Palestínu samkvæmt guðlegu valdi.

Upplýsingastefnan var mikil breyting í hugsunarhætti Vesturlandabúa á sautjándu öld sem fól í sér trú á vísindi og framfarir, mannréttindi, jafnrétti.

And-semitismi er óvild eða hatur á fólki af ættbálki semitisma einkum gyðinga.

Seinni heimstyrjöldin var stærsta og mannskæðasta stríð sögunnar sem snerti allar þjóðir Evrópu og margar þjóðir annarra heimsálfa á árunum 1939-1945.

Sameinuðu þjóðirnar eru alþjóðasamtök sem öll viðurkennd ríki heims eru meðlimir af og voru stofnuð eftir Seinni heimstyrjöldina með það markmið í huga að láta slíka atburði aldrei gerast aftur.

And-semitismi jókst hins vegar gífurlega á 19. öld og samfara því vöknuðu aftur þessar gömlu hugmyndir um ríki gyðinga í Ísrael. Þó svo að Síonismi sé að mörgu leyti tengdur trú gyðinga varð nútíma Síonismi til sem andsvar við þessum vaxandi and-semitisma í Evrópu á seinni hluta 19. aldar. Hægt er að lesa meira um ofsóknir á gyðingum í kaflanum: Tvístrun og ofsóknir gegn gyðingum.

Á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldin höfðu gyðingar flust aftur til Ísraels í töluverðum mæli og þegar hún hófst voru þeir um 30% íbúa landsins. 70% íbúanna voru hins vegar palestínskir arabar sem höfðu búið í landinu öldum saman. Mikil spenna myndaðist fljótlega á milli Palestínuranna og gyðinga í landinu sem leiddi til blóðugra bardaga.

Þegar heimstyrjöldinni lauk ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að gyðingar fengju að stofna sitt eigið ríki í Palestínu. Það varð að veruleika í maí



árið 1948 er Sameinuðu þjóðirnar úthlutuðu gyðingum landsvæði í Palestínu og þeir tóku að flytjast þangað allstaðar að úr heiminum. Palestínumenn og arabísku nágrannaríkin neituðu hinsvegar að viðurkenna hið nýstofnaða Ísraelsríki og réðust á það daginn eftir stofnun þess. Ísraelsmenn unnu hinsvegar sigur í því stríði með þeim afleiðingum að mörg hundruð þúsund Palestínumanna misstu heimili sín og flúðu land. Það var fjærri því að þetta yrði endirinn á deilum Ísraelsmanna og Palestínumanna.

Spurningar

1. Hvers vegna telja margir að gyðingar hafi rétt á landsvæðinu í Palestínu?
2. Hverjir þjuggu fyrir í Palestínu þegar gyðingar tóku að flytjast þangað og hvernig var sambandi þeirra háttað í upphafi?
3. Hvað ákváðu Sameinuðu þjóðirnar að gera fyrir gyðinga eftir heimsstyrjöldina?
4. Hvers vegna heldur þú að Palestínumenn og arabaríkin hafi ekki verið sátt við stofnun Ísraelsríkis?
5. Hvað gerðist í sex daga stríðinu?